

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gagnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1980.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 169 13. mars 1980, um bann við togveiðum á Strandagrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1980.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um varnir gegn hundæði (rabies).

1. gr.

Til þess að forðast að hundæði berist til Íslands, er bannað að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu og heimilað, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð dýr að loknum ákveðnum einangrunartíma.

Setja skal reglur í hvert sinn, er öruggar séu til varnar því, að sjúkdómar berist með dýrum þeim, sem innflutningur er leyfður á.

2. gr.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir. Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, varðar það sektum fyrir eiganda dýranna, svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra á farartæki því, er dýrin flutti, ef ætla má að dýrin séu flutt með hans vitund.